

Lífeyrissjóði barnakennara og ekkna þeirra, iðgjöld eftir 1. október 1955. Stefnandi skal halda óskertum framangreindum rétti sínum til lífeyris.

Stefndi greiði stefnanda kr. 4.709.36 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1958 til greiðsludags, en málskostnaður falli niður.

Málflutningsþóknun skipaðs talsmanns stefnanda, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmans, kr. 5.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. desember 1958.

Nr. 31/1936. **Guðmundur H. Kristjánsson f. h. Vörumarkaðarins s/f**

(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

Ólafi Þorgrímssyni (sjálfur).

Dómendur:

**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theódór
B. Lindal.**

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar, að því er það varðar hann, með stefnu 27. febrúar 1956. Krefst hann sýknu af kröfu stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Guðmundur H. Kristjánsson hefur fyrir sakadómi Reykjavíkur hinn 18. október 1954 lýst yfir því, að hann hafi verið einn af stofnendum Vörumarkaðarins s/f og lagt fé í fyrirtæki þetta, sem aldrei var skráð í firmaskrá. Hins vegar hefur hann í máli þessu andmælt því, bæði í héraði og hér

fyrir dómi, að Sigurður A. Jónsson, sem samþykkti f. h. Vörumarkaðarins s/f vixil þann, sem mál þetta er af risið, hafi haft heimild til að binda fyrirtækið með þeim hætti, og hefur stefndi ekki fært nægar sönnur á, að slík heimild hafi verið fyrir hendi. Ber því að taka sýknukröfu áfrýjanda til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og hér fyrir dómi falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Guðmundur H. Kristjánsson f. h. Vörumarkaðarins s/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Ólafs Þorgrímssonar, í máli þessu.

Málskostnaður, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. nóvember 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., hefur Ólafur Þorgrímsson hrl., hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 4. febrúar s.l., gegn Sigurði Jónssyni, Hörpugötu 1, Guðmundi H. Þórðarsyni, Spítalastíg 5, Snorra Gunnarssyni, Bollagötu 2, Guðjóni Símonarsyni, Framnesvegi 5, Halldóri Eypórssyni, Lauga-vegi 126, Guðmundi H. Kristjánssyni, Vesturgötu 35 og Runólfi Ó. Ólafssyni, Vesturgötu 16, öllum vegna Vörumarkaðarins s/f, Hverfisgötu 74, til greiðslu á víxilskuld að fjárhæð kr. 8.783.00 með 7% ársvöxtum frá 24. nóvember 1954 til greiðsludags, 1½% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 21.00 í stimpilkostnað og málskostnað eftir mati dómarans.

Stefndi kveður hina umstefndu skuld vera samkvæmt víxli að fjárhæð kr. 8.783.00, útgefnun 12. ágúst 1954 af Magnúsi Haraldssyni, en samþykktum af Sig. A. Jónssyni vegna Vörumarkaðarins s/f til greiðslu 24. nóvember 1954.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndu hafi verið full-ábyrgir sameigendur Vörumarkaðarins s/f, sem var óskrásett fyrirtæki.

Stefndu Halldór Eypórsson, Runólfur Ó. Ólafsson, Snorri Gunnarsson og Guðmundur H. Kristjánsson hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að skaðlausu.

Stefndi Gujón Símonarson hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndu Sigurður Jónsson og Guðmundur H. Þórðarson hafa látið sækja þing, en engum andmælum hreyft gegn dómkröfum stefnanda, sem verða því teknar til greina að öllu leyti, að því er þá varðar.

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu stefnanda fallið frá öllum kröfum á hendur stefndu Halldóri Eypórssyni, Runólfi Ó. Ólafssyni og Guðjóni Símonarsyni, en þess jafnframt krafizt, að málskostnaður, að því er þessa stefndu varðaði, yrði látinn falla niður.

Af hálfu stefndu Halldórs, Runólfs og Guðjóns var við munnlegan flutning málsins krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að dæma stefnanda til að greiða stefndu Halldóri Eypórssyni, Runólfi Ó. Ólafssyni og Guðjóni Símonarsyni málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00 til hvors þeirra.

Við munnlegan flutning málsins var ekki sótt þing af hálfu stefnda Snorra og ber því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framkomnum skjölum og skilríkjum að því er hann varðar.

Stefndu Snorri og Guðmundur H. Kristjánsson reisa kröfur sínar á því, að þeir séu hvergi nefndir á nafn á víxli þeim, sem mál þetta er risið af, og jafnframt á því, að þeir hafi ekki gefið samþykkjanda umrædds víxils neitt umboð til að samþykkja víxilinn. Þá er því og haldið fram af þeirra hálfu, að ekkert sé leggjandi upp úr upplýsingu stefnda Guðmundar H. Þórðarsonar í máli þessu.

Í októbermánuði 1954 var hafin opinber rannsókn á starfsemi verzlunarinnar Vörumarkaðurinn s/f, hér í bæ, fyrir sakadómi Reykjavíkur og sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur. Í réttarhaldi fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur hinn 18. október 1954 lýsti stefndi Guðmundur H. Þórðarson því yfir, að auk hans sjálfs væru stefndu Snorri Gunnarsson, Guðjón Símonarson, Halldór Eypórsson, Runólfur Ó. Ólafsson og Guðmundur H. Kristjánsson eigendur Vörumarkaðarins s/f. Ekki kvað stefndi Guðmundur H. Þórðarson umrætt fyrirtæki þá hafa verið skrásett. Í réttarhaldi fyrir sakadómi Reykjavíkur hinn 16. október 1954 lýsti stefndi Guðmundur H. Þórðarson því yfir, að hann sjálfur, Snorri Gunnarsson, Guðjóns Símonarson og Guðmundur H. Kristjánsson væru eigendur Vörumarkaðarins s/f auk fleiri manna, sem hann taldi ekki þörf að tilgreina. Ekki kvað stefndi Guðmundur H. Þórðarson umrætt fyrirtæki þá hafa verið skrásett.

Við réttarhald hinn 18. október 1954 fyrir sakadómi Reykjavíkur við framangreinda rannsókn lýsti stefndi Guðmundur H. Kristjánsson því yfir, að hann ætti um 15 þúsund krónur í Vörumarkaðinum s/f, en einnig kvað hann stefndu Snorra Gunnarsson, Guðjón Símonarson og Guðmund H. Þórðarson eiga í verzluninni ásamt fleiri mönnum, en stefndi Guðmundur H. Kristjánsson vissi ekki hverjir það væru. Við framangreinda opinbera rannsókn komu ekki aðrir fyrir dóm af hinum stefndu í máli þessu en þeir Guðmundur H. Þórðarson og Guðmundur H. Kristjánsson. Stefndu Snorri Gunnarsson og Guðjón Símonarson munu á þessum tíma ekki hafa verið staddir í bænum.

Stefndu Halldór, Runólfur og Guðjón hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslur í máli þessu. Hafa þeir allir neitað því að hafa verið meðal eigenda Vörumarkaðarins s/f.

Stefndi Guðmundur Kristjánsson hefur einnig komið fyrir dóm og gefið skýrslu í málinu. Kveðst hann ásamt stefndu Snorra og Guðmundi H. Þórðarsyni hafa stofnað fyrirtækið Jólamarkaðinn fyrir jólin 1953. Fyrirtæki þetta kveður hann síðar hafa leystst upp og hafi fullt uppgjör farið fram varðandi það. Varðandi framangreindan framburð sinn fyrir sakadómi Reykjavíkur hefur stefndi Guðmundur H. Kristjánsson skýrt svo frá, að hann hafi lagt vörur til Jólamarkaðarins fyrir tæpar kr. 15.000.00. Hann kveðst síðan hafa tekið ýmsar vörur hjá Jólamarkaðinum, en ekki hafa komið neitt nálægt rekstri fyrirtækisins. Hann kveður stefnda Guðmund H. Þórðarson síðar hafa sagt sér, að hann, þ. e. stefndi Guðmundur H. Þórðarson, væri búinn að breyta fyrirtækinu í Vörumarkaðinn s/f og jafnframt, að fleiri væru eigendur þess.

Þegar virtur er framburður stefnda Guðmundar H. Kristjánssonar fyrir sakadómi Reykjavíkur svo og skýrsla hans í máli þessu, þá verður að telja, að hann hafi verið einn af eigendum Vörumarkaðsins s/f og beri því ábyrgð á skuldbindingum þeim, sem stofnað hefur verið til vegna þess fyrirtækis. Þykir því bera að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti, að því er stefnda Guðmund H. Kristjánsson varðar.

Við framangreinda opinbera rannsókn hafa stefndu Guðmundur H. Þórðarson og Guðmundur H. Kristjánsson lýst því yfir, að stefndi Snorri væri einn af eigendum Vörumarkaðarins s/f. Stefndi Snorri hefur ekki komið fyrir dóm og gefið skýrslu í máli þessu, þrátt fyrir áskorun um það frá stefnanda og lögmanni þeim, er sótt hefur þing fyrir hann, þ. e. stefnda Snorra í málinu. Þykir

því verða að leggja umrædda framburði Guðmundar H. Þórðarsonar og Guðmundar H. Kristjánssonar til grundvallar um það, að stefndi Snorri hafi verið einn eigenda Vörumarkaðarins s/f og beri því ábyrgð á skuldbindingum þeim, sem stofnað hefur verið til vegna þess fyrirtækis. Þykir því bera að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti, að því er stefnda Snorra varðar.

Við munnlegan flutning málsins var þess krafizt af hálfu stefnanda, að stefndu Snorri, Sigurður, Guðmundur H. Þórðarson og Guðmundur H. Kristjánsson allir in solidum vegna Vörumarkaðarins s/f verði dæmdir til að greiða stefnukröfurnar. Þessi breyting frá stefnukröfum þykir ekki koma til álita, þar eð hún hefur ekki verið samþykkt af varnaraðiljum þessum.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verða stefndu Sigurður Jónsson, Guðmundur H. Þórðarson, Guðmundur H. Kristjánsson og Snorri Gunnarsson allir vegna Vörumarkaðarins s/f dæmdir til að greiða stefnanda hina umstefndu víxilfjárhæð, vexti, þóknun og stimpilkostnað, eins og krafizt er, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.350.00.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan, en uppsaga hans hefur dregizt vegna anna við önnur störf í þágu borgardómaraembættisins.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurður Jónsson, Guðmundur H. Þórðarson, Snorri Gunnarsson og Guðmundur H. Kristjánsson allir vegna Vörumarkaðarins s/f, greiði stefnanda, Ólafi Þorgrímssyni, kr. 8.783.00 með 7% ársvöxtum frá 24. nóvember 1954 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 21.00 í stimpilkostnað og kr. 1.350.00 í málskostnað.

Stefnandi, Ólafur Þorgrímsson, greiði stefndu Halldóri Eyþórssyni, Runólfi Ó. Ólafssyni og Guðjóni Símonarsyni, kr. 500.00 í málskostnað hverjum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.